

AFRÍKA

SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

Fornar listir, fagurfræði og fjölda- framleiðsla

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

mörkuð við sjónræna list eins og hún kemur fram á ýmsum stöðum frá fyrstu heimildum fram á okkar tíma. Umfjöllunin verður jafnframt afmörkuð við svæðið sunnan Sahara-eyðimerkurinnar, en listform að norðanverðu eru gjörólík þeim sem fram koma sunnan eyðimerkurinnar og tilheyra frekar umfjöllun um list fyrir botni Miðjarðarhafs eða íslamskri listhefð. Leitast verður við að endurspeglu þá fjölbreytni sem ríkir í afrískum listsamfélögum og lögð áhersla á að sýna fram á síbreytileika afrískra lista.

Fjölbreytnin í fyrirrúmi

Það virðist vera óskrifuð regla í listasögubókum að fjalla um afríska list í fremsta kaflanum þar sem hún er sett í byrjun tímaássins. Að auki er sjaldnast gerð grein fyrir mismunandi tímabilum og þróun afrískra lista eins og gert er t.d. í umfjöllun um evrópskar listir sem tilheyra hinum enda tímaássins. Slíkir upp-

Í Afríku er list, líkt og annars staðar í heiminum, ein leið fólks til að skapa sér sjálfsmynd og formgera fagurfræði.

Í álfunni er gríðarlegur fjölbreytileiki í listum og hinir fjölmörgu þjóðernishópar hafa tileinkað sér mismunandi stíla og aðferðir sem lifað hafa hlið við hlið og breyst í tímans rás. Listaflóra Afríku afmarkast ekki einungis við landfræðileg mörk heimsálfunnar, heldur teygir hún anga sína í ýmsar áttir út frá álfunni, m.a. fyrir tilstilli þrælaverslunar, nýlendustefnu og hnattvæðingar.

Hér á eftir er ætlunin að gefa dæmi af listgerðum í Afríku sunnan Sahara en það er á engan hátt tæmandi lýsing á þeim margvíslegu listhefðum sem lifa eða hafa lifað í álfunni. Umfjöllunin er af-

hafskaflar ganga jafnan undir heitinu „eilíf list“ eða „frumstæð list“ og gefa ranglega til kynna stöðnun og tímaleysi afrískra lista. List í Afríku hefur þróast í mörg árþúsund og mismunandi listhefðir hafa myndast á ólíkum tímabilum og orðið fyrir áhrifum samfélaga bæði innan frá og utan. Að skoða eina einstaka listhefð og yfirfæra hana yfir á hugtakið „afrísk list“ er jafn tilgangslaust og að skoða ítölsku meistara 16. aldarinnar til að átta sig á evrópskri list. Til að fordást staðalmyndir þarf að huga að mörgu og sennilega er brýnast að varast að setja alla list álfunnar undir einn hatt með því að ræða um afríska list sem eina heild.

Afríka er sennilega fjölbreyttust allra heimsálfanna hvað varðar dýralíf, veðurfar, gróður, mannlíf og menningu. Þessi mikli fjölbreytileiki endurspeglast vel í sköpunargáfu Afríkubúa eins og sjá má í notkun mismunandi efniviðar, aðferðum, útfærslum og táknrænni merkingu listmunanna sjálfra. Litrík listaflóra Afríku kemur m.a. fram í dansi, tónlist, leiklist, vefnaði, útskurðarlist, kvikmyndagerð, bókmenntum og munnlegri ljóðlist. Mörg af þessum tjáningarformum eru samofin hvort öðru, eins og útskurður, tónlist og dans, og því erfitt að slíta umfjöllun um einstök atriði í sundur. Af mörgu er að taka en jafn ólíkir hlutir og steináhöld, járnverkfæri, vefnaður, tréverk, bronsmyndir, bastkörfur, skartgripir og hljóðfæri eru meðal hluta sem gefa mikilvæga innsýn í viðhorf og gildi þeirra fjölmörgu hópa sem byggja álfuna. Þessir hlutir hafa varðveist mismunandi vel en allt bendir til þess að gríðarlegt magn liggi ennþá neðanjarðar og bíði eftir því að líta dagsins ljós.

Án undantekninga eru ávallt fleiri en ein listhefð í hverju landi og jafnvel er að finna margar mismunandi hefðir og stíla hjá hverjum þjóðernishópi. Ganíski heimspekingurinn Kwame Anthony Appiah hefur bent á að mismunandi listform og hefðir í Afríku eigi lítið annað sameiginlegt en hugmyndir Vesturlandabúa um þau, þ.e. hugmyndina um „afríska list“ sem ákveðna tegund listar. Þess vegna skal hafa það hugfast að hér er hugtakið notað með tilvísun til landfræðilegra marka fremur en einsleitni. Í rauninni myndu margir Afríkubúar sennilega ekki sjá neitt sameiginlegt með vel flestum af þeim listaverkum sem Vesturlandabúar kalla einu nafni afríska list, rétt eins og fátt sameiginlegt er með íslenskri list og grískri þótt bæði löndin tilheyrir heimsálfunni Evrópu. Einnig ber að hafa í huga að það er ekki ýkja langt síðan Afríkubúar fóru að hugsa um sjálfa sig sem hluta af stærri, afrískri heild þó að hefð sé fyrir því að þeir samsami sig öðrum hópum.

ÓLÖF GERÐUR SIGFÚSDÓTTIR

Samband Vesturlandabúa við afríska list í dag einkennist allt í senn af fortíðarþrá, forvitni, fáfræði, lotningu og virðingu. Áhrifa afrískra muna gætir í síauknum mæli á vestrænum heimilum, hvort sem það er í formi eftirlíkinga, sem eru keyptir í evrópskri stórborg, eða antíkmuna frá ferðalögum í Afríku. Greina má áhrif afrískrar hönnunar í vel flestum menningarkimum Vesturlanda, eins og í húsgagnahönnun, arkitektúr, fatatísku, tónlist, dansi, hárgreiðslu og listum almennt. Að auki eiga íbúar flestra landa Afríku í stöðugum samskiptum við Vesturlönd gegnum hnattræn viðskipti, veraldarvefinn, sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu, fréttaflutning og síðast en ekki síst með ferðamannaíðnaðinum.



Dinya-höfuð frá 500 f.Kr.-200 e.Kr. sem fannst undir 4 m þykku gjóskulagi árið 1954 í Nokdalnum í Nígeríu. Höfuðið er í náttúrulegri stærð og stytan hefur verið um 1,50 m á hæð með búknum.

List til forna

Listmunir eru góðar heimildir um þann tíma og það samfélag sem þeir eru skapaðir í. Því miður er þekking um afríska list til forna enn mjög brotarkennd þar sem miklir annmarkar eru á uppgreftri fornleifa. Enn fremur vantar sárlega upplýsingar um muni sem margir hverjir voru numdir á brott á nýlendu-tímanum án þess að aflað væri upplýsinga um umhverfið sem þeir fundust í.

Þættir eins og gróður- og veðurfar hafa augljós áhrif á listsköpun fólks. Viðarhöggmyndir eru t.d. algengari hjá fólki sem lifir í skóglendi, bastkörfur hjá þeim sem lifa í votlendi og terrakotta (rauðbrún blanda af leir og sandi) er algengust á gresjum. Einstök klettamálverk í Sahara-eyðimörkinni sýna myndir af fjölbreyttu dýralífi og gróðursælu umhverfi þar sem eyðimörkin liggur nú (sjá mynd bls. 29). Einnig hafa fundist svipuð klettaverk í suður- og austurhluta Afríku. Þessi málverk eru elstu heimildir um listsköpun í álfunni en elstu verkin ná allt aftur til um 100 þúsund f.Kr. og er að finna þar sem Namibía liggur nú. Málverkin eru því góð, söguleg heimild um horfna tíma því að þau sýna

ýmsar athafnir karla, kvenna og dýra á mismunandi tímum. Sum þeirra hafa náð mikilli stílfraðilegri fágun og sýna ýmist náttúrulega ásýnd fólks og dýra eða abstrakt túlkanir á þeim þótt ekki sé vitað með vissu hver tilgangur þeirra var.



Gelede-gríma frá Benín frá því á síðari hluta 19. aldar eða fyrri hluti 20. aldar. Konur eru í aðalhlutverki gelede-helgiathafna en þær beita ýmist góðum eða illum öflum til áhrifa með því að sækja kraft sinn til höggmynda, dansa, söngva og klæðnaðar.

Önnur dæmi um listsköpun fornra samfélaga í álfunni er að finna á vesturströndinni, en þar hafa fundist höggmyndir sem bera vitnisburð um einstaka fágun, listræna hæfileika og verkþekkingu. Þær voru fyrst og fremst unnar úr terrakotta, messing eða bronsi og má rekja allt aftur til um 500 f.Kr. Vert er að nefna sérstaklega svokallaðar nokstyttur sem kenndar eru við Nokdalinn í Nígeríu, en þær voru fyrst grafnar úr jörð fyrir tilviljun á miðjum fimmta áratug síðustu aldar og eru merkilegar fyrir sérstakt yfirbragð og óvenjulega stílfágun. Nokstytturnar voru gerðar í náttúrulegri stærð ýmist í manna-, dýra- eða guðamynd og margt bendir til þess að þær hafi átt að sýna hreysti og fegurð en ekki er vitað með vissu hver tilgangur þeirra var. Stytturnar hafa nokkur mjög áberandi einkenni en þær eru ávallt holar að innan og oft eru ýmsir andlitshlutar gataðir, eins og varir, eyru, nasir og augu. Oft sjást fingraför listamannsins á styttnum innanverðum sem hafa greypst í leirinn við gerð þeirra. Sérstaka athygli vekja flóknar hárgreiðslur og hárskraut sem prýða höfuð styttnanna en sennilega má þekkja þessa styttugerð best á hinu sérstaka þríhyrningslagi augnanna og gatinu sem tákna augasteininn. Mörg nokverk má sjá á þjóðlistasafninu í Lagos í Nígeríu en þessi listhefð er nú horfin í upprunalegri mynd. Þess má geta að hið sérstæða augnform styttnanna einkennir nútíma gelede-grímur yórúbafólksins í Nígeríu þar sem gataður augasteinn er



aðalútlitseinkennið. Því má segja að gelede-grímurnar séu vitnisburður um það hvernig aldagömul hefð hefur breyst í tímans rás fyrir áhrif frá nágranna-hópum og lifir í breyttri mynd í nútímanum.

Fagurfræði og notagildi

Á Vesturlöndum hafa listfræðingar og áhugafólk um listir gjarnan leitast við að svara spurningunni hvort afrísk list sé raunveruleg „list“ eða ekki. Það er hins vegar skoðun margra að það þjóni engum tilgangi að svara henni þar sem svarið helgist fyrst og fremst af því hvernig list sé skilgreind og að skilgreiningin sé oftast byggð á vestrænum forsendum. Slíkar skilgreiningar reisi múra í kringum viðfangsefnið og útiloki eða innlimi tiltekna gripi og listform og takmarki þannig flóruna. Það væri vænlegra að beina athyglinni að sýn Afríkubúa á eigin listsköpun eða horfa á margbreytileika hinna ýmsu hefða og fæðingu nýrra listgerða en að glíma við spurninguna um hvað sé list og hvað ekki. Í vestrænni menningarsögu hefur löngum verið hefð fyrir tvíhyggju þar sem heiminum er skipt niður í andstæð tvenndarpör. Þannig hafa afrískir munir verið flokkaðir annars vegar sem „list“ og hins vegar sem „handverk“ þar sem hið síðarnefnda er talið vera síðra að gæðum en hið fyrrnefnda. Í mörgum afrískum samfélögum og reyndar víðar er þetta tvennt gjarnan óaðskiljanlegt.

Þegar Portúgalar sigldu til vesturstrandar Afríku á 15. og 16. öld tóku þeir eftir því að fólk tilbað „ógnvekjandi“ viðarstyttur og áttu í „dýrslegum“ samskiptum við þær. Má þar finna vísi að þeirri hugmynd að Afríka sé villimannsleg og ósiðmenntuð en hún hefur einkennt túlkun Evrópumanna á skurðgodadýrkun. Með tilkomu þrælahalds og síðar með uppgangi þróunarhyggjunnar styrktust þessar hugmyndir enn frekar og þær birtast jafnvel enn í ýmsum myndum. Allt fram á síðari hluta 20. aldar yfirsást mörgum að hin ýmsu listform Afríku byggju yfir fagurfræðilegum víddum og menningarlegum bakgrunni listmuna og listamanna var ekki veitt tilskilin athygli. Í staðinn voru verkin oft kynnt sem forvitnileg sýnishorn frá tilteknu tímabili mannkynssögunnar sem væri löngu liðið á Vesturlöndum.

Framangreindum hugmyndum um afríska list var að nokkru leyti kollvarpað með auknum rannsóknum á afrískri menningu og listum sem leggja til grundvallar samhengi, sögu og heimildaöflun frá fyrstu hendi. Ein mikilvægestu þáttaskil listasögunnar má rekja til upphafsára 20. aldar þegar frönsku framúrstefnulistamennirnir Picasso, Matisse og félagar þeirra „uppgötvuðu“



Myndin til vinstri er andlitsmynd af frú Matisse sem Henri Matisse málaði af henni árið 1913. Myndin til hægri er af grímunni Shira-Puru frá Gabon.

afríska list sem hafði legið áratugum saman inn í myrkum og rykugum kompum mannfræðisafna í París og víðar í Evrópu. Hér er orðið „uppgötva“ sett í gæsalappir til að leggja áherslu á að list hafi verið til í Afríku fyrir tíma samskipta Evrópubúa og Afríkubúa og að hún þurfi ekki að sækja gildi sitt í viðurkenningu Vesturlanda á því að hún hafi fagurfræðilegar víddir eða tákna gildi. Þrátt fyrir að evrópsku listamennirnir hafi aðallega tileinkað sér form-



Nkisi-nkondi skurðgoð frá því fyrir 1878. Þau eru notuð til að finna misyndisfólk. Viðarílát, fyllt með jurta-lyfjum, er sett á höfuð og maga styttunnar eða milli fóta hennar. Andi styttunnar er hvattur áfram með ögrandi tiltali eða með því að reka í hana oddhvassa hluti.

gerð afrískra lista með nokkuð yfirborðslegum hætti án þess að leitast við að skilja fagurfræði og menningarlegan bakgrunn þeirra er þetta tímabil mikilvægt fyrir þær sakir að í fyrsta skipti fékk almenningur á Vesturlöndum áhuga á afrískri list.

Meðferð listmuna í Afríku er í mörgum tilfellum frábrugðin meðferð listmuna á Vesturlöndum, þ.e. meirihluti munanna endar ekki eins oft í glerkassa á afrísku safni eða sem skreyting uppi á vegg á afrísku einkaheimili, heldur eru þeir að miklu leyti samofnari daglegu lífi en á Vesturlöndum. Þetta má þó ekki túlka sem svo að afrísk list sé gerð einungis með notagildi í huga heldur þvert á móti eru fagurfræði og hugmyndir um „góða“ muni ráðandi í huga listamannsins þegar hann skapar verk sitt. Góðir munir eru metnir eftir tilteknum gildum, eins og kunnáttu, verktækni, jafnvægi og formi, sem sérfræðingar innan viðkomandi hóps hafa þekkingu á og vald til að skilgreina. Þrátt fyrir að þessi gildi séu tiltölulega

skýr og viðurkennd eftir reglum viðkomandi samfélags hafa slík gildi ávallt verið opin fyrir utanaðkomandi áhrifum eða áhrifum frá list einstakra listamanna. Afrískar höggmyndir tákna t.d. ýmist guði, vætti, konungsfólk, anda eða óbreytta borgara. Þegar um raunverulegar eða mannlegar fyrirmyndir er að ræða er markmiðið ekki að skera út raunsæja eftirmynd manneskjunnar eða guðsins í viðinn, heldur byggist myndverkið á að draga fram afstrakt mynd af bæði innri og ytri fegurð viðkomandi. Má nefna að meðal yórúbafólksins í Nígíeríu þykir það mælikvarði á gott verk þegar listamaðurinn nær að kalla fram jafnvægi milli annars vegar fyrirmyndarinnar og hins vegar túlkunar hennar, þ.e. höggmyndarinnar sjálfar.

Hugmyndin um höfundinn

Í sumum samfélögum Afríku getur það virst sem svo að frjálsgla sé litið á listmuni, engir fagmenn eða eiginlegir listamenn séu til og engir sérhæfdir gagnrýnendur. Hins vegar eru í mörgum tilfellum fyrir hendi tilteknir staðlar um gæði verka og hæfileika listamanna, eins og hjá yórúbafólkinu þar sem fagstétt útskurðarlistamanna hefur verið til frá alda öðli. Í flestum samfélögum, þar sem listsköpun er fag, skera einstakir listamenn sig úr með persónulegum stíl sem er aðgreinanlegur frá stíl annarra listamanna innan sama hóps. Engu að síður hefur því gjarnan verið haldið fram að höfundurinn sé með öllu fjarverandi í listsköpun álfunnar og því er algengt að tileinka einstök verk heilum þjóðernishópum eða jafnvel þjóðríkjum í stað þess að viðurkenna handbragð og hæfileika einstaklinga.

Aðferðir afrískra listamanna eru mismunandi eftir persónulegum stíl þeirra sem og þeim hefðum sem þeir byggja á. Útskurðarmaðurinn þarf t.d. að gera sér skýrt í hugarlund endanlega mynd þess verks sem hann vill skapa allt frá því að hann byrjar að hluta niður viðarbútin. Margir listamenn nota ekki skissur til að ná endanlegu markmiði sínu. Til þess að kallast góður listamaður þarf viðkomandi að búa yfir þekkingu á efniviðnum, verktækni og hæfileikum til listrænnar tjáningar svo að hann nái fram þeirri tilfinningu og yfirbragði sem hann óskar eftir. Neikvætt rými, þ.e. það efni sem skorið er burt, skilur eftir sig jafn mikla nærveru og það sem eftir stendur og jafnvægið þar á milli ljær verkinu aðdráttarafl. Í Afríku sunnan Sahara er það einkenni á höggmyndum að þær eru skornar út úr einum heilum viðarbút, en mjög sjaldgæft er að



Burðartré fyrir hurð eða glugga skorid út af Olowe frá Ise-Ekiti í Nígeríu.

mismunandi viðarbúttum sé skeytt saman í eitt verk, og einmitt þess vegna er hið aflanga og upprétta form svo algengt.

Á Vesturlöndum er hefð fyrir því að höfundurinn merki sér verk sín með einhvers konar kenninafni eða undirskrift meðan í afrískum listhefðum hefur það almennt ekki viðgengist fyrr en nú á seinni tímum. Vegna þessa hafa vestrænir listfræðingar ranglega ályktað að listamaðurinn sjálfur hafi ekkert gildi í afrískum listsamfélögum. Þótt afrískir listamenn merki sér ekki verk sín með undirskrift eru þeir vissulega þekktir meðal samtíðarmanna sinna og oft lifir ára þeirra lengi meðal seinni kynslóða. Þeir þekkjast á handbragði sínu og á þeim persónulega stíl sem þeir hafa markað á verk sín. Gott dæmi um slíkt er hirðlistamaðurinn Olowe frá Ise-Ekiti (d. 1938) en hann er sennilega frægastur útskurðarlistamanna meðal yórúbafólksins. Meðal helstu verka hans eru útskornar hurðir, lágmyndir og húsastólpar sem unnin voru fyrir hina ýmsu yórúbakonunga. Þótt hann ynni innan tiltekins ramma yórúbahefðarinnar hafði hann afar sérstakan, persónulegan stíl sem er auðþekktanlegur á því hversu óvenjulega upphleyptar lágmyndir hans eru þannig að þær virðast iða af lífi. Á myndinni hér til hliðar má sjá fimm höfuð staðsett

milli fuglapara sem höggva í augu þeirra en hjá yórúbafólkinu eru fuglar ekki eingöngu hrættur heldur tákna þeir einnig heilaga útsendara guðanna. Verkið táknar fórn en í helgiathöfnum margra afrískra samfélaga eru fórnir leið til að hafa samskipti við guðina. Olowe er gott dæmi um hvernig listamaður bryddar upp á persónulegri nýbreytni innan annars vel skilgreindrar stíltegundar tiltekinnar listhefðar og sýnir að afrísk list er ekki föst í greipum hefðarinnar heldur getur breytst með nýjum kynslóðum og breyttum tíðaranda.

Listarfleifið nútímans

Áhugavert er að sjá hversu víðtæk áhrif hnattvæðing og aukinn ferðamannastraumur til Afríku hefur haft á listsköpun. Ný form koma reglulega fram í dagsljósið meðan eldri hefðir halda áfram að breytast og þróast. Nú má nálgast afríska listmuni af öllum gerðum og stærðum á Vesturlöndum og víðar, t.d. á handverksmörkuðum, galleríum, söfnum, gjafavöruverslunum, einkaheimilum sem og á veraldarvefnum. Ferðamannaíðnaðurinn veltir háum fjárhæðum á ári í sölu á minjagripum en straumur ferðamanna til álfunnar er sífellt að aukast.

Afríkubúar taka stoltir á móti gestum með því að bjóða til sölu handverk sem ýmist byggir á fornum hefðum eða nota tækifærið til nýstárlegra tilrauna sem bera hinni óþrjótandi sköpunargleði vitni. Sem dæmi um nýjar listgerðir má nefna svokölluð þyrniverk eða *thorn carvings* sem urðu til í Nígíeríu á sjöunda áratugnum. Þeim var í fyrstu beint að nýlenduherrum sem og öðru vestrænu aðkomufólki á svæðinu en eru í dag að vinsælli söluvöru á listaverkaupboðum víða um heim sem og á ferðamannamörkuðum. Þessi verk eru ólík öðrum tréskurði þar



Þyrniverk keypt á markaðinum Lekki í Lagos, Nígíeríu. Verkið endurspeglar hversdagslegan veruleika margra afrískra kvenna. Ljós.: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir



Sölumenn á eyinni Lamu í Keníu bjóða ferðamönnum varning sinn.
Ljós.: Eva Lundquist

sem þau eru samsett úr afgöngum stærri viðarbúta, sem ganga af við útskurð hefðbundinna höggmynda, sem og minni trjágreinum. Bútarnir eru síðan límdir saman með lími sem er sjaldgæf aðferð í afrísku handverki og kom ekki fram á sjónarsviðið fyrir en á nýlendutímanum. Verkin eru skoplegar raunsæismyndir úr hversdagslífinu og sýna ýmiss konar iðju fólks, eins og rakara, skurðlækna, flugmenn, saumakonur eða nútímakonur við skrifstofuvinnu, og þau eiga sinn þátt í að gleðja bæði augu gestgjafa sem og gesta (sjá kápu-mynd). Víða annars staðar í álfunni, eins og í Mósambík eða á Fílabeinsströndinni, má finna fleiri slík verk er miða að því að sýna hversdagslegan veruleika og eru viðbót við þá ótæmandi listaflóru er prýðir álfuna alla.

Afrísk list í útrás

Eins og sjá má af umfjölluninni hér að framan býr Afríka yfir ótæmandi uppsprettu listsköpunar og er rík af mannauði til að takast á við slíka sköpun. Listsköpunin endurspeglast ýmist í hversdagslegum nytjahlutum, trúarlegum helgigripum, hvers kyns skreytimunum og minjagripum. Erlend eftirspurn eftir afrískum listmunum hefur aldrei verið eins mikil og nú en hægt er að nálgast þá víðs vegar um heiminn. Augljós áhrif afrískrar listsköpunar má sjá

víða og leynist afrísk fagurfræði í ýmsum kimum vestrænnar menningar, t.d. í fatatísku, innanhússhönnun, hártísku eða tónlist. Ísland er vissulega engin undantekning þar á, en þegar vel er að gáð má sjá afrískt handverk í ófáum gjafavöruverslunum landsins eða sem heimilisskreytingu uppi á íslenskum stofuhillum.

Afrískir listamenn munu halda áfram að finna sköpunarþörf sinni farveg svo lengi sem eftirspurn er eftir verkum þeirra, hvort sem hún kemur innan frá eða að utan. Um gjörvalla álfuna má finna fólk í listasmíðjum, á samvinnustofum sem og einyrkja sem bæta stöðugt við listaflórana, sem stækkar sífellt og teygir anga sína í æ fleiri áttir samfara hnattvæðingu og aukinni eftirspurn eftir afrísku handverki. Nýir listamenn, karlar og konur, koma fram á sjónarsviðið og með hverri nýrri kynslóð færa þeir í efnislegt mót hefðir, tíðaranda og persónulega túlkun sem tryggir að einstaka listhefðir lifa og þróast. Einnig eru algeng verk sem unnin eru með nýrri tækni þar sem notaðir eru nýir miðlar og þannig verða til nýstárleg og óvenjuleg verk sem eru jafnvel í litlum tengslum við sögulegan menningararf.

Óháð því hvaða form eða hvaða miðil listamenn vinna með, nú sem fyrr, fást listamenn við skyld viðfangsefni. Sjálfsmýnd og ytra umhverfi eru eilíf uppsetta listrænnar tjáningar og listamenn allra tíma kallast á við umhverfi sitt, sögu og félagslegan sem og persónulegan veruleika. Afrískir listamenn eru svo sannarlega engin undantekning þar á.

Heimildir

- Appiah, Kwame Anthony (1999). Why Africa? Why Art? Í T. Phillips (ritstj.), *Africa. The Art of a Continent* (bls. 21-26). London: Prestel Verlag.
- Phillips, Tom (ritstj.) (1999). *Africa. The Art of a Continent*. London: Prestel Verlag.
- Rubin, William (ritstj.) (1984). "Primitivism" in the 20th Century Art. New York: Museum of Modern Art.
- Steiner, Christopher (1994). *African Art in Transit*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Willett, Frank (1973). *African Art: An Introduction*. London: Thames and Hudson.